

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Syðri-Brúar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði í landi Syðri-Brúar breytist í svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota. Skipulagssvæðin eru tvö: 20 ha frístundabyggðasvæði vestan Þjóðvegur meðfram Sogi og 120 ha frístundasvæði austan Þingvallavegar undir hlíðum Búrfells þar sem jafnframt er gert ráð fyrir 40 ha opnu svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 13. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.